

**Ed.**

## **24. Frumvarp til laga**

um breytingar á lögum um alþýðutryggingar, nr. 26 1. febr. 1936.

Flm.: Brynjólfur Bjarnason.

### 1. gr.

Síðasta málsl. 23. gr. laganna skal orða svo:

Undanteknir eru þeir, sem haldnir eru alvarlegum, langvinnum sjúkdómum og úrskurðaðir hafa verið styrkhæfir samkvæmt lögum frá 23. júní 1936, um ríkisframfærslu sjúkra manna og örkumla.

### 2. gr.

24. gr. laganna fellur niður.

### 3. gr.

a. 1. tölul. 30. gr. laganna orðist svo:

Læknishjálp hjá tryggingarlækni, þ. e. lækni, sem samlagið hefir samið við, eða tryggingarstofnun, að fullu, hvort heldur er í sjúkrahúsi eða utan sjúkrahúss. Læknishjálp fari fram í viðtalsstofu læknis, sé sjúklingurinn ferðafær og hægt sé að koma því við.

b. 1. málsgr. 4. tölul. sömu lagagr. skal orða svo:

Í sjúkrasamlögum kaupstaða er ennfremur skylt að greiða dagpeninga til þeirra, sem óvinnufærir eru sökum veikinda. Dagpeningar skulu jafnan greiddast, er ein vika er liðin frá því að hinn tryggði varð óvinnufær, samkvæmt framansögðu, en aldrei frá fyrri tíma en viku eftir að hann hætti að taka laun, eða hætt er að reikna honum laun samkvæmt því, er segir í 41. gr. hér á eftir.

c. 1. másl. b-liðs 4. tölul. sömu lagagr. skal orða svo:

Eigi hinn tryggði fyrir konu, börnum eða öðrum skylduómögum að sjá, nýtur hann, auk persónudagpeninga, fjölskyldudagpeninga.

### 4. gr.

Aftan við 33. gr. laganna bætist: og meðlagskostnaður á sjúkrahúsi eða annar kostnaður samkv. 30. gr., að undanteknum dagpeningum, eigi fyrir þá, sem úrskurðaðir hafa verið styrkhæfir samkvæmt lögnum um ríkisframfærslu sjúkra manna og örkumla.

### 5. gr.

Fyrri málsgr. 34. gr. laganna skal orða svo:

Ákveða skal í samþykktum sjúkrasamlaga upphæð iðgjalda tryggingarskyldra manna. Skulu þau ákveðin með það fyrir augum, að heildartekjur samlagsins nægi til þess að standa straum af skuldbindingum þess. Iðgjald manna, sem hafa minna en 2000 kr. í árstekjur, má þó aldrei vera hærra en 2 krónur á mánuði, og iðgjöld þeirra, sem hafa minna en 3000 kr. í árstekjur, aldrei meira en 3 krónur á mánuði. Það, sem á vantar til þess að samlögin fái nægilegar tekjur til að standa straum af skuldbindingum sínum, þegar heildarupphæð þessara lögstu iðgjalda hefir verið reiknuð út,

skal með stighækkandi gjöldum lögð á þá meðlimi samlaganna, sem hafa meira en 3000 kr. í árstekjur.

6. gr.

Við 35. gr. Orðin „þó ekki yfir 9 kr. fyrir hvern tryggðan mann“ í fyrri málsgr. 35. gr. laganna falli burt.

7. gr.

37. gr. laganna skal orða svo:

Iðgjöld samkvæmt 34. gr. greiðist fyrirfram, eftir því sem nánar verður ákveðið í samþykktum. Bæjar- og sveitarstjórnir greiði iðgjöld atvinnulausra verkamanna fyrir þann tíma, sem þeir eru atvinnulausir, eða í atvinnubótavinnu, ef atvinnutími þeirra, þar með talin atvinnubótavinna, hefir ekki verið fullar tvær vinnuvikur næsta mánuð áður en iðgjaldið féll í gjalddaga. Ríkissjóði ber að endurgreiða bæjar- og sveitarsjóðum helming kostnaðar þess, sem þeir kunna að hafa haft af iðgjalda-greiðslum fyrir atvinnulausa verkamenn. Bæjar- og sveitarsjóðir greiði einnig iðgjöld þeirra manna, sem eru á föstu sveitarframfæri. Einnig skulu greidd úr bæjar- eða sveitarsjóði ógreidd iðgjöld þeirra manna, sem bæjar- eða sveitarstjórn telur ástæðu til að halda í tryggingu. Gjaldið telst ekki framfærslustyrkur, en endurgreiðist ef ástæður leyfa.

8. gr.

2. tölul. 85. gr. laganna falli burt, og liðatalan breytist samkv. því.

### Greinargerð.

Breytingartillögur þessar eru eingöngu við kaflann um sjúkratryggingar. En jafnframt ber ég fram þingsályktunartillögu um endurskoðun laganna í heild sinni. Er það gert vegna þess að brýnustu nauðsyn ber til þess, að mínum dómi, að sjúkratryggingarnar verði lagfærðar strax, en ef gengið er að því verki að lagfæra kaflana um elli- og örorkutryggingar og um atvinnuleysistryggingar, þá verður það ekki gert að gagni, nema þeir verði algerlega umskapaðir í þá átt, sem gert er ráð fyrir í þingsályktunartillögu minni um þetta efni.

Aðalinnihald breytingartillagnanna er þetta:

Það er gert ráð fyrir, að sjúkrasamlögín þurfi ekki að bera kostnað af sjúklingum, sem eru haldnir alvarlegum, langvarandi sjúkdómum, en nú þurfa þau venjulega að bera kostnaðinn af þessum sjúklingum í 26 vikur.

Læknishjálþ bæði í sjúkrahúsum og utan sjúkrahúss sé greidd að fullu af sjúkrasamlögum, en er nú aðeins greidd að  $\frac{3}{4}$  utan sjúkrahúss.

Biðtími dagpeninga má ekki vera lengri en ein vika, í stað þess að í núgildandi lögum er sjúkrasamlögum í sjálfsvald sett, hvað þau hafa biðtímann langan, og hefir S. R. notað þessa heimild til að ákveða biðtímann 16 vikur.

Þá er gert ráð fyrir, að allir, sem hafa fyrir hverskonar skylduómögum að sjá, fái fjölskyldudagpeninga.

Þá er ákveðið tiltekið hámarksíðgjald fyrir alla þá, sem hafa minna en 3000 kr. í árstekjur, 2 kr. á mánuði fyrir þá, sem hafa minna en 2000 kr. í tekjur, og 3 kr. fyrir þá, sem hafa minna en 3000 kr. í tekjur. Á hinum eru gjöldin stighækkandi og ætlu ekki að komast upp fyrir 4 kr. fyrr en árstekjurnar eru komnar upp fyrir 4000 kr. — En jafnframt þessu er gert ráð fyrir, að allir njóti trygginganna, þar sem þeir einir njóta þeirra nú, sem hafa minna en 4500 kr. í skattskyldum tekjum.

Þá er gert ráð fyrir, að ríki og hærjarfélög í sameiningu greiði iðgjöld fyrir atvinnuleysingja, sem ekki hafa haft atvinnu í fullar 2 vinnuvikur mánuðinn áður en iðgjaldið féll í gjalddaga.

Loks gerir frv. ráð fyrir, að foreldrar beri ekki ábyrgð á greiðslu iðgjalda fyrir börn sín og fósturbörn, eins og þeim ber skylda til samkvæmt núgildandi lögum.

Allar þessar breytingar, ásamt endurskoðun þeirri á elli-, örorku- og atvinnuleysistryggingunum, sem þingsályktunartillaga mín fer fram á, eru í fullu samræmi við áskorun þá, sem yfir 5200 Reykvikingar sendu Alþingi í fyrra og hljóðaði á þessa leið:

„Við undirritaðir álitum, að svo stórir annmarkar séu á lögnum um alþýðu-tryggingar og framkvæmd þeirra, að brýna nauðsyn beri til að gera á þeim gagn-gerðar breytingar, svo að þær komi að góðum notum fyrir almenning í bænum.

Helztu breytingarnar, sem gera þyrfti, attu að okkar álitni að vera þessar:

1. Sjúkrasamlög greiði læknishjálpi að fullu hæði í sjúkrahúsum og utan þeirra.
2. Fjölskyldudagpeninga fái allir þeir, sem eiga fyrir skylduómögum að sjá.
3. Við ákvörðun iðgjalda til sjúkrasamlags sé tekið tillit til efnahags, þannig að iðgjöld séu stighækkandi.
4. Atvinnulausir menn séu undanþegnir greiðslu iðgjalda þann tíma, sem þeir eru atvinnulausir eða í atvinnubótavinnu, enda greiði hær og ríki iðgjöld þeirra til samlagsins.
5. Foreldrar og fósturforeldrar beri ekki ábyrgð á greiðslu iðgjalda fyrir börn og fósturbörn.
6. Biðtími dagpeninga sé ekki lengri en í gamla sjúkrasamlaginu.
7. Nefskatturinn til lífeyrissjóðs — 7 kr. gjaldið — falli niður. Greiðsla ellilífeyris hefjist þegar tryggð er 60 ára, ef hann er eignalaus maður.

Við álitum, að endurbætur á tryggingunum í þessa átt mundu gera að engu þá óánægju, sem andstæðingar trygginganna hafa alið á að undanförunu, og skorum því á ríkisstjórnina og stjórn trygginganna hér í bæ að sjá svo um, að framanritaðar breytingar verði gerðar á lögnum á næsta Alþingi.“

Tillögur, sem í öllum atriðum gengu í sömu átt, voru samþykktar í einu hljóði í verkamannafélaginu „Dagsbrún“ í Reykjavík og í mörgum öðrum verkalyðsfélögum víðsvegar um land.